Ályktun landsfundar Kvennalistans 1995

Landsfundur Kvennalistans, haldinn á Nesjavöllum í Grafningi 10.-12. nóvember 1995, skorar á konur um land allt að vinna saman að bættu þjóðfélagi á kvennapólitískum forsendum. Reynslan hefur sýnt og sannað að með samstöðunni geta konur unnið kraftaverk.

Þrettándi landsfundur Kvennalistans er nú haldinn á Nesjavöllum, á svæði þar sem ólgandi kraftur í iðrum jarðar er leystur úr læðingi og nýttur sem aflgjafi framfara og betra mannlífs í landinu. Á sama hátt var Kvennalistinn upphaflega stofnaður til þess að virkja vannýtta orku kvenna í þágu samfélagsins og veita nýjum hugmyndum farveg í íslenskum stjórnmálum.

Konur minnast þess nú að tuttugu ár eru síðan þúsundir íslenskra kvenna lögðu niður vinnu í einn dag til þess að sýna fram á mikilvægi starfa sinna fyrir samfélagið. Þá sýndu konur á eftirminnilegan hátt kraft sinn og samstöðu og lögðu með því grunninn að nýju tímabili í sögu kvennabaráttu hér á landi. Á þessu tímabili hefur töluvert áunnist í jafnréttismálum. Má það ekki síst þakka tilkomu og baráttu Kvennalistans á vettvangi stjórnmálanna. Viðhorf kvenna setja æ sterkari lit á þjóðmálaumræðuna. Konur hafa rutt nýjum gildum braut og þannig orðið öðrum konum hvatning til að láta til sín taka á mörgum sviðum samfélagsins.

Ljóst er að konur eru nú sýnilegri en áður. En betur má ef duga skal. Konur sitja ekki við sama borð og karlar þegar kemur að stjórnunarstörfum, ákvarðanatöku og völdum. Konur eru helmingur landsmanna, en þær skipa enn aðeins um fjórðung þingsæta og fjórðung sæta í sveitarstjórnum landsins. Hlutfall kvenna í stjórnum, nefndum og ráðum ríkisins er alltof lágt, fáar konur gegna embættum dómara og svona mætti áfram telja. Dugir þetta til að viðhorf kvenna heyrist til jafns við viðhorf karla? Við segjum nei.

Fjárhagslegt sjálfstæði kvenna er forsenda kvenfrelsis. Fjölmargar launakannanir hafa leitt í ljós að konur bera mun minna úr býtum en karlar. Þessi launamunur eykst jafnvel með aukinni menntun. Geta íslenskar konur unað við þennan veruleika? Við segjum nei.

Ennþá bera konur hitann og þungann af heimilisstörfum og barnauppeldi. Niðurskurður í velferðarþjónustu bitnar harðar á konum en körlum og úrræði í atvinnumálum taka sjaldnast mið af þörfum og aðstæðum kvenna. Láglaunastefnan í þjóðfélaginu heldur konum í fátæktargildru. Sætta konur sig við þetta? Við segjum nei.

Þrátt fyrir ávinninga finna íslenskar konur fyrir því bakslagi sem gætt hefur í kvennabaráttunni um heim allan á undanförnum misserum. Konur reka sig sífellt upp í hið ósýnilega glerþak ríkjandi viðhorfa og hefða. Sífellt fleiri konur gera sér grein fyrir því að lögin sem kveða á um jafnræði kvenna og karla samræmast ekki skilaboðum sem stöðugt berast konum um að þær séu til færri fiska metnar. Er þetta sú veröld sem við viljum? Við segjum nei.

Reynslan kennir okkur að það þarf stöðugt að standa vaktina og Kvennalistinn gerir það nú sem fyrr. Settu marki hefur ekki verið náð fyrr en kynferði hættir að hafa áhrif á aðstæður, starfsferil og kjör fólks. Konur sætta sig ekki við neitt minna en efnahagslegt, félagslegt og líkamlegt sjálfstæði. Þær eiga rétt á frelsi til að velja lífi sínu þann farveg sem hugur þeirra

stendur til. Þær eiga skilið að vera metnar að verðleikum á eigin forsendum. Það er sú veröld sem við viljum.

Það eru miklir umbrotatímar í íslenskum stjórnmálum. Þeir fela í sér tækifæri sem konur verða að nýta sér, minnugar þess að hvert eitt skref skiptir máli. Það er mjög mikilvægt að allar konur, hvar í flokki sem þær standa, vinni saman að framgangi jafnréttis og kvenfrelsis. Karlar eru þar heldur ekki undanskildir. Konur eru ekki óvinir karla, en þær verða að fá að ráða nútíð og framtíð til jafns við þá. Kvennalistinn er eina stjórnmálaaflið sem setur baráttu fyrir kvenfrelsi og mannréttindum kvenna í öndvegi og hefur því mikilvægu hlutverki að gegna..

Íslenskar konur búa yfir mikilli orku og krafti ekki síður en náttúra landsins. Nýtum þessa orku til þess að takast á við hindranir og ryðja nýjar brautir. Eflum vitund kvenna um stöðu sína. Stöndum saman um að ná því markmiði að konur hafi jafna hlutdeild og karlar við mótun samfélagsins. Konur eiga erindi í stjórnsýslu sem og annars staðar, ekki einungis til að leita réttar síns heldur vegna hugmynda sinna og viðhorfa. Þegar konur standa saman eru þeim allir vegir færir.